



– fyrir íslenska verslun

Landbúnaðarnefnd Sjálfstæðisflokksins

B.t. Jóhönnu Pálmadóttur

Valhöll, Háaleitisbraut 1

Reykjavík.

Reykjavík, 5. desember, 2008.

Ágæta nefnd,

Stjórn Félags íslenskra stórkaupmanna, FÍS, er það bæði ljúft og skylt að gefa álit sitt á því hvort hefja eigi könnunarviðræður um inngöngu í Evrópusambandið sem og að taka upp aðra mynt hér á landi.

Stjórnin lét, fyrr á þessu ári, Capacent Gallup gera skoðanakönnun meðal félagsmanna hvort taka ætti upp aðra mynt hér á landi og hvort hefja ætti aðildarviðræður við Evrópusambandið. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að yfirgnæfandi meirihluti félagsmanna var því hlynntur að taka upp evru sem gjaldmiðil hér á landi. Þó skoðanir væru skiptar meðal félagsmanna um aðild að Evrópusambandinu þá vildi mikill meirihluti þeirra að hafnar yrðu þegar í stað könnunarviðræður til að fá fram hvaða valkostum þjóðin stæði frammi fyrir við hugsanlega inngöngu.

FÍS er því þeirrar skoðunar að ef að könnunarviðræður við Evrópusambandið reynast álitlegar fyrir íslenska þjóð þá eigi að ganga í sambandið. FÍS óttast ekki að íslensk verslun geti ekki staðist fullkomlega þá samkeppni sem myndi myndast svo framarlega sem að ekki væru sett óeðlileg höft á verslunina af hálfu stjórnvalda og eðlilegt og sanngjarnt skiptigengi við upptöku evrunnar.

Með hruni íslenska bankakerfisins í október sl þá er alveg ljóst að við Íslendingar getum ekki haft krónuna lengur sem gjaldmiðil. Því er það skýlaus krafa okkar að nú þegar verði leitað allra leiða til þess að taka upp annan gjaldmiðil hér á landi og virðist þá nærtækast að taka upp evru. Gengislækkun íslensku krónunnar á þessu ári, sem nemur allt að 150% gagnvart japönsku yeni og um og yfir 100% gagnvart flestum öðrum myntum, staðfestir það að íslenska krónan og íslenskt peningakerfi fær ekki staðist til lengdar. Íslensk verslun sem og íslenskt þjóðfélag verður að búa við stöðugleika og það er löngu útséð að svo verði meðan við höldum í krónuna.

Íslensk verslun, sem ríflega fjórðungur þjóðarinnar vinnur við, sem og allt annað atvinnulíf hér á landi verður að hafa eðlilegan aðgang að lánsfé og á vaxtakjörum sem eru sambærileg við helstu viðskiptaþjóðir okkar. Í dag er staðan þannig að aðgangur að lánsfé er nánast enginn og það litla lánsfé sem í boði er á algjörlega óásættanlegum vaxtakjörum, kjörum sem engin þjóð í hinum vestræna heimi býr við né gæti lifað við. Íslenskt atvinnulíf er því lamað í dag og verði ekki strax brugðist við verða afleiðingarnar skelfilegar, þó ekki sé kveðið sterkar að orði.

Virðingarfyllst,


Knútur Signarsson, framkv.stjóri.